



Skimunaráætlun gegn einelti

Nauðsynlegt er að fylgjast með líðan og velferð hvers nemanda og er liður í því að skoða samskipti og félagslega stöðu barnsins. Umsjónarkennarar og forvarnarteymi skólans sjá um að tengsla- og líðankannanir séu reglulega lagðar fyrir og vinna úr þeim.

- **Tengslakannanir** eru lagðar fyrir 4.-10. bekk tvisvar sinnum á hverju skólaári, í október og í mars.
- **Líðan og samskipti** nemenda í 1. - 3. bekk könnuð í október og í mars.
- Skólastjóri og námsráðgjafi taka **viðtöl** við nemendur í 8. bekk á hverjum vetri (jan-feb) með það að leiðarljósi að skoða líðan, viðhorf og samskipti þeirra við börn og fullorðna í skólanum.

Unnið er úr könnunum og viðtölum og brugðist við með viðeigandi hætti. Haft verður samband við foreldra ef ástæða þykir til.

Niðurstöður skimunarlista eru varðveisittar hjá námsráðgjafa.